

Nd. **179. Frumvarp til laga** [147. mál]
um breyting á lögum nr. 84/1970, um Háskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi 1970.)

1. gr.

Á eftir IX. kafla laga nr. 84/1970, um Háskóla Íslands, komi nýr kafli, er verður X. kafli, svo hljóðandi:

X. KAFLI

Nám í almennum þjóðfélagsfræðum.

Við Háskóla Íslands skal stofna sjálfstæða námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum, er lúti sérstakri námsstjórn, og skal kveða á um námstilhögun í reglugerð.

Í námsstjórn eiga sæti fastráðnir kennarar við þjóðfélagsfræðanámsbrautina, einn fulltrúi tilnefndur til tveggja ára af forseta viðskiptadeildar úr hópi prófessora deildarinnar, og er hann formaður, tveir fulltrúar tilnefndir til tveggja ára af háskólaráði úr hópi prófessora, dósentar og lektora og tveir fulltrúar stúdenta tilnefndir af aðalfundi félags stúdenta í almennum þjóðfélagsfræðum.

Við tilnefningu í námsstjórn skal háskólaráð leitast við að tilnefna kennara í kennslugreinum, sem mikilvægar eru á námsbrautinni og ekki eiga þegar fulltrúa í stjórninni.

Skipan, hlutverk og starfshætti námsstjórnar skal ákveða nánar í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar til staðfestingar bráðabirgðalögum, sem út voru gefin hinn 21. ágúst 1970 (nr. 85/1970). Bráðabirgðalögin voru svo hljóðandi:

Bráðabirgðalög

um breyting á lögum nr. 84/1970, um Háskóla Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Menntamálaráðherra hefur tjáð mér, að nefnd, sem unnið hafi að samningu reglugerðar um nám í þjóðfélagsfræðum við Háskóla Íslands, hafi lagt til, að þjóðfélagsfræðanámið verði sjálfstæð námsbraut við Háskólann, reist á samstarfi milli háskóladeilda, bæði að því er varðar kennslu og yfirstjórn.

Slíkri tilhögun verði hins vegar ekki við komið að óbreyttum lögum, og beri því brýna nauðsyn til að gera breytingu á lögum um Háskóla Íslands, er kveði á um þessa námsskipan. Fyrir því eru hér með sett svofelld bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar:

1. gr.

Á eftir IX. kafla laga nr. 84/1970, um Háskóla Íslands, komi nýr kafli, er verður X. kafli, svo hljóðandi:

X. KAFLI

Nám í almennum þjóðfélagsfræðum.

41. gr.

Við Háskóla Íslands skal stofna sjálfstæða námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum, er lúti sérstakri námsstjórn, og skal kveða á um námstilhögun í reglugerð.

Í námsstjórn eiga sæti fastráðnir kennarar við þjóðfélagsfræðanámsbrautina, einn fulltrúi tilnefndur til tveggja ára af forseta viðskiptadeildar úr hópi prófessora deildarinnar, og er hann formaður, tveir fulltrúar tilnefndir til tveggja ára af háskólaráði úr hópi prófessora, dósentna og lektora og tveir fulltrúar stúdenta tilnefndir af aðalfundi félags stúdenta í almennum þjóðfélagsfræðum.

Við tilnefningu í námsstjórn skal háskólaráð leitast við að tilnefna kennara í kennslugreinum, sem mikilvægar eru á námsbrautinni og ekki eiga þegar fulltrúa í stjórninni.

Skipan, hlutverk og starfshætti námsstjórnar skal ákveða nánar í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 21. ágúst 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.